

**Nd.**

**420. Nefndarálit**

úm frv. til laga um innflutningstoll af niðursoðinni mjólk.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. miðar að því í senn:

1. að auka innlenda framleiðslu til eigin nota landsmanna,
2. að styðja að því, að landið sje minna háð öðrum löndum um nauðsynjar sínar,

3. að styðja og efla iðnað í landinn úr innlendum hrávörum,
4. að efla ræktun landsins.

Virðist minni hl. fjárhagsn. því, að ekki sje áhorfsmál að samþykkja frv.  
— Hinsvegar er það vitanlega á valdi þingsins að gera þær breytingar á þeim ákvæðum, er frv. setur, sem breyttar ástæðnr geta gefið tilefni til.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Halldór Stefánsson,  
form. og frsm.

Hannes Jónsson,  
fnndaskr.